

Sb.

237. Tillaga til þingsályktunar

[132. mál]

um hægri handar akstur.

Flm.: Birgir Finnsson, Matthías Bjarnason, Jón Þorsteinsson, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því, að upp verði tekinn hægri handar akstur hér á landi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttu þeir Kjartan J. Jóhannsson og Birgir Finnsson þáttill um þetta efni, er orðuð var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvort ekki sé tímabært að taka upp hægri handar akstur hér á landi, og enn fremur að láta gera áætlun um framkvæmdir í því sambandi.“

Greinargerð með tillögunni var á þessa leið:

„Með greiðum og vaxandi samgöngum milli landa fer það í vöxt, að fólk taki með sér bifreiðir, er það ferðast meðal annarra þjóða. Þá er óheppilegt og hættulegt, að umferðarreglur séu mismunandi. Flestar þjóðar hafa hægri handar akstur, þ. á m. allar Evrópuþjóðir nema Englendingar, Svíar og Íslendingar. Svíar eru ákveðnir að breyta þessu árið 1967, og í Englandi eru sérfræðingar í umferðarmálum farnir að hvetja til breytinga þar og telja brýna nauðsyn að taka upp sömu reglu og á meginlandinu. Hjá því getur varla farið, að við verðum fyrr eða síðar að fylgjast með í þessum efnum. Það þarf hins vegar allmikinn undirbúning og verður kostnaðarsamara, eftir því sem það dregst lengur. Með vandlegum undirbúningi og því að hafa nægan tíma til umræða má verulega draga úr kostnaði við breytinguna. Þess vegna er þessi tillaga flutt nú.“

Tillagan var afgreidd úr allsherjarnefnd, sem mælti einróma með því, að Alþingi gerði ályktun í málinu á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort tímabært sé að taka upp hægri handar akstur hér á landi.“

Lengra komst málið ekki á síðasta þingi, og þess vegna er því nú hreyft á ný, og með því að lausn þess má ný teljast brýnni en áður, er fastar að orði kveðið í tillögugreininni en gert var í fyrra, bæði af flutningsmönnum og allsherjarnefnd. Samkvæmt nýju vegalögum, sem samþykkt voru á þessu þingi fyrir áramót, er ráðgerð bygging margvíslegra varanlegra umferðarmannvirkja. Ef þau verða byggð í upphafi miðað við vinstri handar akstur, mun kosta stórfé að breyta þeim síðar, ef hægri handar akstur verður upp tekinn.

Mjög víða í landinu er eftir að setja upp nýjustu gerð af umferðarmerkjum meðfram vegunum, og mundi það vera hæði tviverknaður og aukinn kostnaður að setja fyrst upp merki miðað við vinstri handar akstur, en breyta þeim svo öllum skömmu síðar, þegar hægri handar akstur yrði upp tekinn.

Ein veigamesta röksemdin fyrir því, að ákvörðun í þessu efni verði ekki látin dragast lengur, er sú, að í öllum meginþorra íslenskra bifreiða er stýrið vinstra megin, eða miðað við hægri handar akstur, og mun aðeins innan við 1% af bifreiðakosti landsmanna vera með stýri hægra megin, þ. e. miðað við vinstri handar akstur. Hefur þetta valdið eða átt þátt í mörgum slysum.

Loks er svo þess að minnast, að með hverju ári sem líður verður dýrara og erfiðara í framkvæmd að breyta úr vinstri handar akstri yfir í hægri handar akstur. Málið þarf hins vegar rækilegan undirbúning, og þess vegna er það flutt hér í tillögumformi, er lýtur að því, að sá undirbúningur verði þegar hafinn.